

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 247/1991, um endurgreiðslu virðisaukaskatts til erlendra fyrirtækja.

1. gr.

Síðari málsliður 8. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Endurgreiðsla samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar er heimil vegna viðskipta frá 1. janúar 1990, enda sé sótt um endurgreiðslu fyrir 1. október 1991.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 3. mgr. 43. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með áorðnum breytingum, til að öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 5. júlí 1991.

F. h. r.

Snorri Olsen.

Kristján Gunnar Valdimarsson.

17. júlí 1991

Nr. 353

AUGLÝSING

um verðjöfnun vegna útflutnings sjávarafurða í ágústmánuði 1991.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 39, 15. maí 1990, hefur hlutfall af andvirði sjávarafurða sem inn- og útgreiðslur skulu miðast við vegna útflutnings í ágústmánuði 1991 verið ákveðið sem hér segir:

- | | |
|--|-----------------|
| 1. Afurðir deildar fyrir unnar botnfiskafurðir: | Innborgun 2,7 % |
| 2. Afurðir deildar fyrir óunnar botnfiskafurðir: | Innborgun 2,7 % |

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytið, 17. júlí 1991.

Þorsteinn Pálsson.

Þórður Eyþórsson.

16. júlí 1991

Nr. 354

GJALDSKRÁ

um sorphirðu í Kópavogi árið 1991.

1. gr.

Kópavogsbæ er heimilt að innheimta árið 1991 sorphirðugjald kr. 5 500, vegna förgunar neysluúrgangs, sem til fellur í sveitarfélaginu sbr. gr. 6.2.1. í mengunarvarnareglugerð nr. 389/1990.

2. gr.

Gjaldið skal lagt á hverja íbúð í sveitarfélaginu og innheimtist með fasteignagjöldum. Gjald dagar og eindagar eru þeir sömu og fasteignagjalda.